

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/216**

2018/EES/42/09

frá 30. nóvember 2016

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta magnesíumdufti í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna <sup>(1)</sup>, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013 eru talin upp forefni sprengiefna sem falla undir samræmdar reglur um aðgengi almennra borgara að þeim og tryggja viðeigandi tilkynningar um grunsamleg viðskipti með þessi efni, hvarf þeirra og þjófnað á þeim í gegnum alla aðfangakeðjuna.
- 2) Efnin, sem eru skráð í II. viðauka, eru aðgengileg almennum borgurum en falla undir tilkynningarskyldu sem tekur bæði til atvinnunotenda í gegnum alla aðfangakeðjuna og almennra borgara.
- 3) Aðildarríki hafa sýnt fram á að álduft hafi verið notað við gerð heimatilbúinna sprengiefna í Evrópu og keypt í þeim tilgangi. Magnesíumduft er efni með mjög svipaða eiginleika og ál.
- 4) Markaðssetning og notkun ál- og magnesíumdufts er, eins og sakir standa, ekki samræmd á vettvangi Sambandsins. Hið minnsta eitt aðildarríki takmarkar þó aðgang almennra borgara að þessum tegundum dufts og Alþjóðatollastofnunin vaktar sendingar af áldufti um allan heim til að greina tilvik um ólögleg viðskipti með fyrrgreint efni sem er ætlað til framleiðslu forefna fyrir heimatilbúin sprengiefni.
- 5) Í ljósi hættunnar eða umfangs þeirra viðskipta sem tengjast ál- og magnesíumdufti getur þróun misnotkunar á ál- og magnesíumdufti, eins og sakir standa, ekki réttlætt takmarkaðan aðgang almennra borgara að efnunum.
- 6) Nauðsynlegt er að auka eftirlit til að gera landsyfirvöldum kleift að koma í veg fyrir og greina mögulega ólöglega notkun þessara efna sem forefni sprengiefna og unnt er að ná þessu fram með því að nota tilkynningarkerfið sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 98/2013.
- 7) Fjallað er um álduft í aðskildri, framseldri gerð þar sem kveðið er á um að því skuli bætt í II. viðauka. Þar með er magnesíumduft orðið raunhæft, óeftirlitsskylt staðgönguefni.
- 8) Í ljósi þeirrar hættu sem stafar af aðgengi að magnesíumdufti og að teknu tilliti til þess að tilkynningarskylda varðandi efnið muni hvorki hafa veruleg áhrif á rekstraraðila né neytendur er réttlætanlegt og í samræmi við meðalhóf að bæta þessu efni í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi efni bætist við í töfluna í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013:

„Magnesíum, <i>duft</i> (CAS-nr. 7439-95-4) <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>	úr 8104 30 00“	
--	----------------	--

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---